

Nr. 20-122 S 087 Krístrún RE 177***Brotsjór og skipverji slasast á fæti***

Skipaskr.nr. 2774
 IMO 8714293
 Útgerð: Fiskkaup hf
 Smíðaður: Noregur, 1988, stál.
 Stærð: 764,98 bt.
 Mesta lengd: 47,70 Skráð lengd: 41,49 m
 Breidd: 9,0 m Dýpt: 6,75 m
 Vél: Caterpillar, 735 kw, 1988
 Fjöldi skipverja: 16



Krístrún©Þór Jónsson

Gögn:

Gögn RNSA

Málið afgreitt á fundi 26. febrúar 2021 af Geirprúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 17. mars 2020 var Krístrún RE 177 staðsett norður af landinu og hélt upp í vegna veðurs. Veður: NA 25-32 m/sek, ölduhæð 7-9 m og ísing.

Brotsjór reið yfir skipið með þeim afleiðingum að rekkverk á stefni og þilfarshúsi brotnuðu af skipinu. Fiskikör, sem í voru landfestar, brotnuðu og fóru hluti af landfestunum í sjóinn. Einnig fóru netafæri, sem geymd voru í fiskikörum á þilfarinu, af stað og lágu netafærin út um lensportin.

Skipverjar fóru út á þilfarið til að reyna að ná inn landfestatógini, sem lá aftur með skipinu, og koma í veg fyrir að það færi í skrúfu skipsins. Þá kom annað brot yfir skipið með þeim afleiðingum að sjór gekk inn á þilfarið og lenti á skipverjunum.

Við rannsókn kom fram:

- að eftir fyrra brotið var skipinu snúið undan og haldið á nokkuð mikilli ferð til að halda landfestunum frá skrúfu



Séð yfir þilfarið

- skipsins á meðan verið var að ná þeim inn fyrir;
- að seinna brotið kom á skipið undir bakborðshornið en við það hallaðist skipið töluvert. Tók það inn sjó á þilfarið stjórnborðsmegin þar sem skipverjar voru að eiga við landfestatogið;
 - að slasaði heyrði kallað fyrir aftan sig að brot væri að koma en hann hafi ekki náð að koma sér í skjól áður en brotið reið á skipið;
 - að eftir seinna brotið voru allir skipverjarnir sendir inn og skorið á landfestarnar og færin sem lágu út í sjó;
 - að einn skipverji slasaðist á hægri fæti og tveir hlutu minnháttar meiðsli;
 - að engin skipverji var í björgunarvesti né með öryggishjálmi og án líflínu;
 - að ekki hafi verið um borð öryggisnefnd né að framkvæmt hafi verið áhættumat um störfin um borð;
 - að eftir atvikið var sett sú regla að enginn fari út á þilfarið nema í björgunarvesti.

Nefndarálit:

Nefndin ályktar ekki í málinu en bendir á mikilvægi þess að skipverjar noti mikilvægan persónulegan öryggisbúnað við sambærilegar aðstæður s.s. björgunarvesti, öryggishjálma og líflínur til að auka öryggi þeirra.